

Rauðhettu-genin

Gefið af Sæmundur fróði
fimmtudagur, 09 júní 2016

Freisting kastaði í morgun - Hermóður fæddur.

Erfðavisarnir hennar Rauðhettu varðveitast með ágætum í gegnum sonardóttur hennar Freistingu frá Kirkjubæ. Freisting sem nú er elst hrossa í Kirkjubæ hefur alið af sér mikinn ættboga og í morgun fæddist hjá henni átjándi afkvæmið, rauður hestur sem hefur nafnið Hermóður. Bróðir hans Valgarð og systursonur Dropi eru báðir í fremstu röð kynbótahrossa þetta árið inn á Landsmóti hestamanna. Systurdóttir hans Voröld líka. Rauðhetta lifir spræk í gegnum þessa afkomendur sína.

